

Fréttabréf

Haust 2015



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



Ný stefna um rannsóknir á Menntavísindasviði

Stjórn Menntavísindasviðs hefur samþykkt nýja stefnu um rannsóknir á Menntavísindasviði sem gildir til ársins 2019. Rannsóknarstefnan er unnin í samræmi við stefnu Háskóla Íslands og rannsóknarstefnu Menntavísindasviðs frá árunum 2009–2014. Margt hefur áunnist í rannsóknarstarfi sviðsins á undanförunum árum og má þar m.a. nefna bættan stuðning við rannsakendur með tilkomu Menntavísindastofnunar, Ritvers og rannsóknarstofa. Samhliða því hefur rannsóknarvirkni starfsmanna aukist en sviðið einsetur sér að efla rannsóknir og ...

[Meira ...](#)



Átta doktorsvarnir við Menntavísindasvið á árinu

Mikill vöxtur hefur verið í doktorsnámi við Menntavísindasvið undanfarin ár en alls brautskráðust átta doktorsefni frá sviðinu á árinu. Frá stofnun sviðsins árið 2008 hafa ríflega þrjátíu lokið doktorsprófi sem er einkar ánægjulegt og starfar þessi hópur á fjölbreyttum vettvangi víða um heim ...

[Meira ...](#)



INNLENT OG ERLENT SAMSTARF

Viljayfirlýsing Menntavísindasviðs og Proskapjálfafélags Íslands

Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Proskapjálfafélag Íslands undirrituðu viljayfirlýsingu um faglegt samstarf í október. Í viljayfirlýsingunni er kveðið á um að báðir aðilar komi á sameiginlegum vettvangi til faglegrar umræðu um störf, starfsvettvang og menntun þroskajálfa. Samstarfið skal sérstaklega tiltaka símenntun og framhaldsmenntun fagstéttarinnar ...

[Meira ...](#)



Samstarfssamningur Menntavísindasviðs og Endurmenntunar

Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Endurmenntun Háskóla Íslands hafa gert með sér samstarfssamning um sameiginleg starfsþróunarnámskeið. Um er að ræða samning um óeiningarbær starfsþróunarnámskeið fyrir starfsfólk í uppeldis- og menntunarstörfum. Markmið samningsins er að auka framboð námskeiða og gera það sýnilegra ...

[Meira ...](#)



Tímarit um uppeldi og menntun sett á laggirnar

Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Félag um menntarannsóknir hafa tekið höndum saman og ákveðið að gefa út nýtt tímarit á grunni tímaritanna, Uppeldis og menntunar og Tímarits um menntarannsóknir. Nýja tímaritið mun heita *Tímarit um uppeldi og menntun* og enska heitið er *Icelandic Journal of Education*. Ritstjórar verða Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, tilnefndur af Menntavísindasviði og Hermína Gunnþórsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri, tilnefnd af Félagi um menntarannsóknir ...

[Meira ...](#)



Tveir gistiprófessorar og einn Fulbright prófessor við Menntavísindasvið

Tveir gistiprófessorar hafa verið störf á Menntavísindasviði á haustmisseri en árið 2013 voru ráðnir níu gistiprófessorar við sviðið til þriggja ára. Markmiðið með ráðningu þeirra var að þeir tækju þátt í uppbyggingu meistara- og doktorsnáms og eflingu rannsókna ...

[Meira ...](#)



STÓRIR VIÐBURÐIR OG RÁÐSTEFNUR

Tuttugu lið tóku þátt í Lego keppninni

Liðlega tvö hundruð grunnskólanemar á aldrinum 10–16 ára tóku þátt í Lego-hönnunarkeppninni sem fram fór í Háskólabíói í nóvember. Þetta var í ellefta sinn sem keppnin er haldin hér á landi og hafa þátttakendur aldrei verið fleiri en alls voru tuttugu lið úr grunnskólum víðs vegar á landinu skráð til leiks ...

[Meira ...](#)



Vel heppnuð lokaráðstefna Learning Spaces

Lokaráðstefna norræna samstarfsverkefnisins *Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries* var haldin á Menntavísindasviði dagana 15.–17. október síðastliðinn og tókst afar vel. Aðalfyrirlesarar voru sérfræðingar á sviði fjölmenn-
ingarlegrar menntunar, annarsmálsfræða og fjöltyngis, mótunar menntastefnu og jafnréttis í skólastarfi. Þátttakendur voru á annað hundrað frá nokkrum þjóð-
löndum en ráðstefnan var ætluð háskólafólki, stefnumótandi aðilum og starfandi kennurum, öðru starfsfólki og stjórnendum á öllum skólastigum ...

[Meira ...](#)



Hátt í tvö hundruð rannsóknir kynntar á Menntakviku

Árleg ráðstefna Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, *Menntakvika, rannsóknir, nýbreytni og þróun* var haldin föstudaginn 2. október. Ráðstefnan var haldin undir yfirskriftinni „Efst á baugi fyrir og nú: Hvað hefur áorkast í menntavísindum á þeirri öld sem liðin er frá því konur hlutu kosningarétt á Íslandi?“ ...

[Meira ...](#)

Gleðileg jóla!



Fylgist með okkur á Facebook